



Aðalfundur Íslandsbanka hf.

19. mars 2026

Aðalfundur Íslandsbanka hf. var haldinn á hótél Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 19. mars. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fór eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkapjónustu á ensku.

Setning fundar

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á aðalfund bankans árið 2026.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Heiðar Guðjónsson stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Aðrar tillögur komu ekki fram og og tók Áslaug til starfa. Áslaug gerði að tillögu sinni að Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Dagmar til starfa.

b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu. Þann 26. febrúar sl. birtist auglýsing um fundinn í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans og þann 27. febrúar s.l. í Morgunblaðinu. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans. Tillögur þær sem eru til umfjöllunar á fundinum voru einnig birtar í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að upplýsingar um mætingu á fundinn yrðu veittar áður en gengið yrði til fyrstu atkvæðagreiðslu.

c) Fyrirkomulag fundar og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri fór stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, hægt sé að taka þátt í fundinum bæði rafrænt og með því að mæta á fundarstað. Atkvæðagreiðsla verði rafræn og fari einungis fram gegnum kerfi Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti gegnum kerfið. Einnig gerði fundarstjóri grein fyrir því að mögulegt sé fyrir þá sem mættir eru á fundarstað að óska eftir því að taka máls undir einstökum liðum með því að gefa merki þegar fundarstjóri býður upp á það.



Fundarstjóri greindi frá því að í samræmi við 4. mgr. 84. gr. hlutafélagalaga hafi stjórn bankans gert stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði og hún sé aðgengileg á vef bankans.

Dagskrá:

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár;
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár;
3. Staðfesting skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu bankans
4. Tillaga um greiðslu arðs
5. Kosning endurskoðanda
6. Tillaga um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
8. Tillaga um breytingar á starfskjarastefnu bankans
9. Tillaga um breytingar á samþykktum bankans
10. Tillaga um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans
12. Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans
13. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar
14. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns í tilnefningarnefnd bankans
15. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að liðir 1 og 2 á dagskránni, skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðasta starfsár, verði teknir til umræðu saman eftir kynningu á bæði skýrslu stjórnar og ársreikningi.

Engar athugasemdir komu fram og taldist tillagan því samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður bankans, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starfsemi bankans á árinu 2025.

Ræða stjórnarformanns í heild sinni er aðgengileg [hér](#) á heimasíðu bankans.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár



Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka, gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2025.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.

Ragnar Jónsson, hluthafi, beindi eftirfarandi spurningu til fundarins gegnum vefgátt fundarins:

Hefur endurkaupa-prógramm á eigin bréfum Íslandsbanka áhrif á hlutabréfaverð til lækkunar eða hækkunar?

Jón Guðni Ómarsson tók til máls og svaraði spurningu Ragnars og sagði endurkaup, út frá fræðunum, til skemmri tíma hafa jákvæð áhrif á gengi bréfanna en til lengri tíma engin sérstök áhrif á gengi bréfanna. Endurkaup séu aðferð fyrir bankann að skila fé til hluthafa.

Arne Vagn Olsen, fulltrúi Lífeyrissjóðs, verslunarmanna, beindi spurningu til stjórnarformanns í tengslum við slit á viðræðum bankans við Skaga og óskaði upplýsinga um það hvort að ekki hafi komið til tals af hálfu Skaga að semja að nýju um endurgjald fyrir hluti í félaginu.

Heiðar Guðjónsson tók til máls og gerði grein fyrir því að samkvæmt skilmálaskjali sem undirritað hefði verið 6. október 2025 komi fram að það kunni að taka breytingum með hliðsjón af frekari viðræðum, áreiðanleikakönnun aðila, og hugsanlegum skilyrðum sem eftirlitsyfirvöld kunna að setja samrunanum. Seðlabankinn hafi í desember birt áform um sérstakan eiginfjáráuka á banka sem ættu tryggingarfélög sem myndi í tilfelli bankans samsvara 4,6 milljörðum króna. Bankanum hefði þótt rétt að ræða þetta og breyttar arðsemishorfur félaganna tveggja og sent stjórn Skaga bréf þess efnis þann 19. febrúar en því hafi ekki verið svarað.

Sigrún Hjartardóttir, hluthafi, tók til máls og beindi spurningu til bankastjóra um hvað hann hefði átt við með því að segja að allt liti vel út fyrir árið ef ekki kæmi til háreistis í alþjóðaumhverfinu og þá sérstaklega hvort hann ætti við eitthvað fleira eða verra en það sem er að gerast fyrir botni miðjarðarhafs.

Jón Guðni tók til máls og vísaði til umfjöllunar sinnar um virðisrýrnun. Sagði hann að áætlað væri að arðsemin á þessu ári gæti verið í kringum 12 %. Þar sé gert ráð fyrir hefðbundinni virðisrýrnun og útlitið fyrir hana sé þökkalegt eins og staðan er núna. Gerði hann grein fyrir því að alltaf sé óvissa í umhverfinu og nefndi sérstaklega það sem á sér stað núna fyrir botni miðjarðarhafs og áhrifin sem það getur haft á hagkerfið heilt yfir. Með aukinni verðbólgu og áhrifum af hærra olíuverði þá geti það haft áhrif víða í hagkerfinu. Þá geti alltaf eitthvað komið upp innanlands en þetta sé kannski sá áhættuþáttur sem horft sé mest til þessa dagana sem geti haft áhrif á virðisrýrnun innanlands og erlendis.

Fleiri tóku ekki til máls.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því að á fundinn sé mætt er fyrir sem svarar 47,74% af heildarhlutafé bankans.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til fundarins:

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2025 verði samþykktir.



Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

3. Staðfesting skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar bankans til fundarins:

Stjórn bankans leggur til að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu bankans fyrir árið 2025 verði samþykkt. Skýrslan er lögð fyrir aðalfund til staðfestingar í samræmi við 9. gr. starfskjarastefnu bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

4. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar bankans til fundarins:

Stjórn bankans leggur til að 12,6 milljarður króna af hagnaði ársins 2025 verði greiddur í arð til hluthafa, þ.e. eigenda þeirra hluta sem ekki eru í eigu Íslandsbanka á aðalfundardegi. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2025 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall.

Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin hlutum kann að vera lögð fram.

Verði tillagan samþykkt verður arðleysisdagur (e. Ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með hluti bankans án réttar til arðs 20. mars 2026. Arðsréttindadagur (e. Record date) verður 23. mars 2026. Hluthafar sem eru tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. Payment date) verður 8. apríl 2026.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

5. Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar bankans um kosningu endurskoðunarfélags:

Stjórn leggur til að aðalfundur samþykki að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfélag bankans..

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar bankans um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar:



Stjórn bankans leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 600.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði tvöföld stjórnarþóknun og þóknun varaformanns verði 50% hærri en stjórnarþóknun. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sitja umfram 12 fundi fram að næsta aðalfundi bankans. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar kr. 330.000 fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í eigin persónu.

Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 300.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 70.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 600.000 fyrir starfsárið, auk kr. 300.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærri en laun aðalmanns innan hvers mánaðar.

Þóknun stjórnarmanna vegna starfa í undirnefndum tekur mið af fjölda nefndastarfa sem stjórnarmenn sinna en þó er ekki greidd þóknun fyrir setu í fleiri en tveimur nefndum.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

7. Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar bankans um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans:

Stjórn bankans leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn fund nefndarinnar. Þóknun til varamanns skal að lágmarki nema kr. 420.000 fyrir starfsárið og kr. 210.000 fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri bauðstjórnarformanni að taka til máls og kynna tillögu stjórnar.

Heiðar Guðjónsson tók til máls og kynnti tillöguna stuttlega. Sagði hann að tillagan væri tilkomin þar sem að árið 2023 og aftur núna, hafi verið tvennar stjórnarkosningar á einu ári, en því fylgi mikil vinna fyrir tilnefningarnefnd. Í gildandi reglum sé gert ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir tíu fundi tilnefningarnefndar á ári og hafi sá fundafjöldi ekki dugað. Fram kom að með breytingunni sé ekki verið að opna á sjálftöku í tilnefningarnefnd og að stjórn félagsins muni fylgjast sérstaklega með því.

Davíð Rúðolfsson, framkvæmdastjóri hjá Gildi lífeyrissjóði tók til máls og óskaði eftir upplýsingum um það hvað stjórnin teldi að kostnaður gæti að jafnaði orðið á ári?

Heiðar Guðjónsson stjórnarformaður tók til máls. Hann gerði grein fyrir því að í aðdraganda tilnefninga hitti tilnefningarnefnd forstjóra, stjórnarmenn, frambjóðendur og hluthafa. Það fari eftir því hversu margir hluthafar þekkist boð um að halda fund með nefndinni og hversu margir bjóða sig fram, hversu margir fundir eru haldnir. Það sé oft hægt að kalla saman 8-10 manns á fund sama daginn. Ef það séu tvö kjör á ári, þá geti þetta verið að hámarki 4,2 milljónir króna í greiðslum til hvers tilnefningarnefndarmanns. Hingað til hafi þetta verið að hámarki 2,1 milljón króna til hvers tilnefningarnefndarmanns.



Fleiri tóku ekki til máls.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

8. Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að aðalfundur samþykki starfskjarastefnu bankans með eftirfarandi breytingum:

1. *Breytingar á orðalagi 1., 4. og 6. gr. starfskjarastefnu bankans:*

Stjórn Íslandsbanka leggur til að fallið verði frá orðalagi, í 1., 4. og 6. gr. í starfskjarastefnu bankans þess efnis að starfskjör skuli vera hófleg og ekki leiðandi.

2. *Breyting á 2. gr. starfskjarastefnu bankans*

Bætt er við tilvísun til kaupréttaráætlunar.

3. *Lagt er til að 3. mgr. 7.2. gr. starfskjarastefnu bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:*

Samhliða birtingu ársuppgjörs birtir stjórn bankans væntingar (guidance) fyrir yfirstandandi ár um arðsemi eigin fjár, ásamt fjárhagslegum markmiðum til meðallangs tíma. Stjórn skal tryggja að ekki komi til greiðslu kaupauka nema arðsemi nái því bili sem ávinnsla fer fram á, og ávinnist í hlutfalli við árangur innan bilsins. Kaupauki skal einungis veittur í samræmi við fyrir fram skilgreind mælanleg fjárhagsleg og ófjárhagsleg árangursviðmið sem m.a. lúta að eiginfjárhlutfalli, lausafjárhlutfalli, öryggisþáttum, fjárhagslegu heilbrigði, kostnaðarhlutfalli, ánægju viðskiptavina, fylgni við lög og reglur og árangri starfsfólks.

4. *Lagt er til að 9. gr. starfskjarastefnu bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:*

9. gr. Upplýsingagjöf

Stjórn bankans skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, bankastjóra, og framkvæmdastjóra og framkvæmd starfskjarastefnu á aðalfundum eins og nánar er kveðið á um í 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Auk þess skal í ársreikningi gerð grein fyrir heildarstarfskjörum lykilstarfsmanna í samræmi við reikningsskilareglur. Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

9. Tillaga um breytingar á samþykktum bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að aðalfundur samþykki eftirfarandi breytingar á samþykktum bankans:



3.6 gr. samþykkt bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:

Boðað skal til hluthafafundar minnst þremur (3) vikum og lengst fjórum (4) vikum fyrir fund, nema skemmri fyrirvari sé heimilaður lögum samkvæmt. Boða skal til hluthafafundar með tilkynningu með rafrænum hætti til að tryggja skjótan og jafnan aðgang að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli.

Shareholders' meeting shall be convened with at least three (3) weeks' notice and no more than four (4) weeks' notice. Shareholder meetings shall be convened via an announcement made electronically to ensure prompt and equal access to the meeting announcement.

4.3 gr. samþykkt bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:

Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga, sbr. a lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm (5) dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Election of the Board of Directors shall be made by majority voting between individuals, cf. item a of Article 63(6) of the Act no. 2/1995, on Public Limited Companies. If shareholders controlling at least 1/10 of the Company's share capital so demand, election of Board members shall be made by proportional or cumulative voting. Such demand must be received by the Company's Board of Directors at least five (5) days prior to the commencement of the shareholders' meeting at which the election is to take place. Should demands be received from more than one shareholder group, for both proportional and cumulative election, cumulative election shall be applied.

3.3 gr. samþykkt bankans verður eftirleiðis svohljóðandi:

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál: The following items shall be on the agenda of the Annual General Meeting:

- i. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár; The report of the Board of Directors on the Company's operations and activities for the preceding year of operation;
- ii. Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings fyrir næstliðið rekstrarár; Approval of the Company's annual financial statements and consolidated financial statements for the preceding year of operation;
- iii. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu rekstrarári; Decision as to how the Company's profit or loss during the preceding year of operation shall be handled;
- iv. Kosning endurskoðanda; Election of an auditor;
- v. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar; Decision on the remuneration to the Board of Directors and compensation to the members of the Board's sub-committees.
- vi. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins; Approval of the Company's remuneration policy;
- vii. Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar félagsins; Approval of the Company's Nomination Committees' rules of procedure;



- viii. *Kosning stjórnar, varastjórnar félagsins og formanns stjórnar; Election of the Company's Board of Directors, alternate directors and the Chairman of the Board;*
- ix. *Önnur mál. Other matters.*

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Davíð Rúdolfsson, framkvæmdastjóri hjá Gildi lífeyrissjóði tók til máls og benti á að breytingin fæli í sér að óska þyrfti eftir að margfeldiskosningu eða hlutfallskosningu með fimm daga fyrirvara. Það værisami tími og framboðsfrestur til stjórnarkjörs, sem væri óheppilegt. Benti hann á að það færi betur á því að framboðsfrestur og frestur hluthafa til að taka afstöðu til þess hvort þeir fari fram á margfeldiskosningu væri ekki sá sami. Vildi hann koma þessari ábendingu til stjórnar og óska eftir að þetta yrði skoðað fyrir næsta aðalfund.

Fundastjóri óskaði eftir að það yrði fært til bókar.

Fleiri tóku ekki til máls.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

10. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki lækkun hlutafjár með ógildingu á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins:

Aðalfundur Íslandsbanka hf., haldinn þann 19. mars 2026, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 636.476.885 kr. að nafnverði, eða sem nemur 127.295.377 hlutum, úr 9.402.353.850 kr. í 8.765.876.965 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum laga.

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktanna þannig að verði hún samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

Hlutafé félagsins er kr. 8.765.876.965 krónur – átta milljarðar, sjö hundruð sextíu og fimm milljónir, átta hundruð sjötíu og sex þúsund, níu hundruð sextíu og fimm krónur. Hlutafé skiptist í 1.753.175.393 hluti hver að nafnverði fimm (5) krónur. Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár. The share capital of the Company amounts to ISK 8,765,876,965 – eight billion, seven hundred sixty-five million, eight hundred seventy six thousand, nine hundred sixty-five Icelandic Krónur. The share capital is divided into 1,753,175,393 shares of ISK five (5) in nominal value. All of the Company's share capital is in a single class.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.



11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki kaup á eigin hlutum. Jafnframt er lagt til, verði tillagan samþykkt, að heimildarinnar verði getið í viðauka við samþykktir bankans og verði þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði 2.6 samþykktu bankans:

Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 19. mars 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimilt er að nýta hluti sem félagið eignast, eða hefur eignast, á grundvelli heimild hluthafafundar til kaupa á eigin hlutum, til lækkunar á hlutafé félagsins samkvæmt ákvörðun hluthafafundar eða til þess að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsfólk þess, og vegna greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), hafi verið veitt. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2026. Aðrar heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag. The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 19 March 2026 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, to acquire on behalf of the Company up to 10% of issued share capital of the Company. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Company e.g., through auction where equal treatment of shareholders is ensured. The Company is authorised to use shares that it acquires, or has acquired, pursuant to a shareholders' meeting authorisation to purchase own shares, for the purpose of reducing the Company's share capital by resolution of a shareholders' meeting, or to fulfil the Company's obligations under the stock option plan with its employees, and for incentive payments, in accordance with the Company's Remuneration Policy. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).

This authorisation shall remain in effect for 18 months after the Company's Annual General Meeting in 2026. Older authorisations to purchase own shares are cancelled with the approval of this authorisation. Such cancellation shall, however, not affect any repurchase transactions initiated and published prior to that date.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.



12. Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans:

3.4. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar bankans verði eftirleiðis svohljóðandi:

Nefndin skal síðan leggja til við hluthafana tillögu sína um frambjóðendur til setu í stjórn bankans. Tillaga nefndarinnar skal birt ásamt öðrum framboðsyfirlýsingum samhliða fundarboði til aðalfundar. Ef stjórnarkjör er á dagskrá á öðrum hluthafafundum skal birta tillögu nefndarinnar í síðasta lagi tíu dögum fyrir hluthafafund. Tillagan skal einnig tilgreina hvaða frambjóðandi skuli gegna starfi stjórnarformanns.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

13. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt lögum og samþykktum bankans bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans til eins árs í senn og hún skyldi skipuð sjö mönnum og tveimur til vara. Jafnframt skuli kjósa formann stjórnar sérstaklega á aðalfundi.

Í samræmi við samþykktir bankans skal kosning stjórnar bankans framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tilnefningarnefnd bankans hafi óskað eftir framboðum til stjórnar og sá frestur hafi runnið út kl. 16:00 þann 4. febrúar 2026. Almennur framboðsfrestur hafi runnið út klukkan 16:00 þann 14. mars 2026. Í skýrslu nefndarinnar sem birt hafi verið á heimasíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq Iceland þann 26. febrúar 2026 hafi nefndin gert grein fyrir tilnefningum sínum og tilhögun starfa sinna í aðdraganda aðalfundarins. Umfram þá frambjóðendur sem tilnefningarnefnd tilnefndi barst eitt framboð til viðbótar innan tilskilins frests.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka hafi lagt til óbreytta stjórn:

- Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður
- Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
- Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarmaður
- Margrét Pétursdóttir, stjórnarmaður
- Stefán Pétursson, stjórnarmaður
- Stefán Sigurðsson, stjórnarmaður
- Valgerður Hrund Skúladóttir, stjórnarmaður

Jafnframt hafi tilnefningarnefnd lagt til að Heiðar Guðjónsson verði endurkjörin formaður stjórnar og Herdís Gunnarsdóttir og Magnús E. Björnsson verði endurkjörin í varastjórn.



Jafnframt hafi borist framboð frá Hafþóri Úlfari Erlingssyni til aðalstjórnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Hafþór Úlfar Erlingsson, sjálfstætt starfandi fjárfestir, frambjóðandi til stjórnar, tók til máls og kynnti framboð sitt. Upplýsingar um Hafþór Úlfar og aðra frambjóðendur til stjórnar eru aðgengilegar [hér](#) á heimasíðu bankans.

Fleiri tóku ekki til máls.

Var tillagan borin undir atkvæði.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn Íslandsbanka:

- Haukur Örn Birgisson
- Heiðar Guðjónsson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Margrét Pétursdóttir
- Stefán Pétursson
- Stefán Sigurðsson
- Valgerður Hrunn Skúladóttir

Tilnefningarnefnd leggur til að í varastjórn bankans verði kosin

- Herdís Gunnarsdóttir
- Magnús E. Björnsson

Önnur framboð til varastjórnar bankans komu ekki fram og eru framangreindir aðilar því rétt kjörnir í varastjórn bankans.

Tilnefningarnefnd leggur til að Heiðar Guðjónsson verði formaður stjórnar.

Önnur framboð til formanns stjórnar hafa ekki borist og er Heiðar Guðjónsson því rétt kjörinn stjórnarformaður Íslandsbanka.

14. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu um að aðalfundur kjósi tvo nefndarmenn og einn varamann í tilnefningarnefnd bankans.

Eftirtaldir aðilar voru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem aðalmenn:

- Anna Rut Þráinsdóttir
- Hilmar Garðar Hjaltason



Eftirtaldir aðilar voru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem varamenn:

- Dröfn Guðmundsdóttir

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem ekki hafa komið fram önnur framboð teljist þessir aðilar réttkjörnir sem nefndarmenn í tilnefningarnefnd bankans og varamaður í tilnefningarnefnd.

15. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Hafþór Úlfar Erlingsson, sjálfstætt starfandi fjárfestir og hluthafi í bankanum, tók aftur til máls. Óskaði hann stjórninni til hamingju með kjörið og bar fram eftirfarandi spurningar:

Ég óska eftir því að stjórnin geri grein fyrir hluthöfum hvers vegna samrunaviðræðum við Skaga var slitið?

Hver er aðdragandinn að því eftir töluvert langar viðræður á milli Íslandsbanka og Skaga?

Hvort ekki hefði erið eðlilegast að boða til hluthafafundar og gera hluthöfum grein fyrir ástæðum þess að stjórnin vili allt í einu slíta samrunaviðræðunum á milli Íslandsbanka og Skaga og leyfa hluthöfum á endanum að hafa valið og kjósa um það hvort halda skyldi viðræðunum áfram við Skaga eða þeim slitið?

Heiðar Guðjónsson stjórnarformaður tók til máls og þakkaði spurningarnar. Hann ítrekaði það sem hann sagði fyrr á fundinum, það hafi ekki verið stjórn Íslandsbanka sem hafi slitið viðræðunum. Skjalið sem hafi verið undirritað 6. október hafi verið skilmálaskjal og legið fyrir að það þyrfti að klára samrunasamning. Í þeim viðræðum hafi stjórn Skaga ákveðið að slíta viðræðunum. Þannig að það hafi ekki komið til þess að kalla þyrfti til hluthafafundar. Hefði samrunasamningur verið undirritaður hefði hann þurft að fara til eftirlitsaðila, og þegar þeir hefðu lagt sína blessun á samninginn hefði hann verið borinn upp við hluthafafund.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:40.

Fundarstjóri

Áslaug Árnadóttir hrl.

Fundarritari

Dagmar Clausen Þórðardóttir